<table>
<tr><th colspan="2">Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022</th></tr>
<tr><td>Sveitarfélag:</td><td>Húnaþing vestra</td></tr>
<tr><td>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:</td><td>Húnaþing vestra - Hvammstangi</td></tr>
<tr><td>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</td><td>Samþykkt á 353. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 12. maí 2022. Afrit af fundargerð meðfylgjandi.</td></tr>
<tr><th colspan="2">Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</th></tr>
<tr><td>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</td><td>c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.<br>Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð nr. 995/2021 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:</td></tr>
<tr><td>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</td><td>Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.</td></tr>
<tr><th colspan="2">Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</th></tr>
<tr><td>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</td><td>Ákvæði reglugerðar nr. 995/2021 gilda um úthlutun byggðakvóta Hvammstanga með eftirfarandi viðauka/breytingum:<br>a. 65% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 731/2020 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2020/2021. Við skiptingu þessa 65% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn, síðastliðin þrjú fiskveiðiár. Viðmiðunarár er fiskveiðiárið 2020/2021.<br>b. 35% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2021/2022, miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn síðastliðin þrjú fiskveiðiár, í þorskígildum talið. Viðmiðunarár er fiskveiðiárið 2020/2021.<br>b) Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.<br>c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.<br>Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð nr. 995/2021 er felast í tillögunum</td></tr>
<tr><td>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</td><td>Tveir bátar gera nú út frá Hvammstanga og var samþykkt breyting á hlutfalli milli skipa sem hafa orðið fyrir aflabresti vegna rækju og þeirra sem gera út frá Hvammstanga.</td></tr>
<tr><th colspan="2">Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</th></tr>
<tr><td>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</td><td>a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.<br>b) Ákvæði 4. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.<br>c) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til</td></tr>
</table>

| | |
|---|---|
| | vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu. |
| **Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)** | Rökstuðningur sveitarstjórnar er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla. |